

Jónas Guðmundsson með tvö af verkum sínum.

## Jónas Guðmundsson opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum

JÓNAS Guðmundsson opnar í dag, laugardag, málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Hann sýnir þar um sjöfju myndir, flestar vatnslitamyndir, en einnig olíumálverk. Myndirnar eru málaðar á þessu ári og hinu síðasta og einnig er nokkuð af eldri myndum sem eru í einka-eign á sýningunni.

„Þessar myndir eru yfirleitt af skipum, húsum og fólki,“ sagði Jónas Guðmundsson í örstuttu spjalli við Mbl. „Og líka dálítið af fuglum. Það er gaman að teikna fugla. Eg hafði ekki tekið eftir því hvað mávar til dæmis eru furðulega líkir dúfum.“

— Þú ert afkastamikill málari. Ertu við störf allan sólarhringinn?

— Ætli ég sé ekki bara ofvirki. Á einu tímabili ávi minnar hef ég unnið ærlega. Þá var ég fimmtán ára gutti á togara. Það var svo mikið púl og ég var svo þreyttur að ég gat ekki borðað né hvílt þær fáu stundir sem til þess voru ætlaðar. Þá spurði enginn hvernig maður færi að þessu. Nú er alltaf verið að spyrja mig hvernig ég komi þessu öllu í verk sem ég geri. En ég er bara svo duglegur að skemmta mér. . .

— Er gott að vera málari hér og nú?

— Ég held að Ísland sé eina landið sem metur málverk meira en mannlíf. . .

— ?

— Jú, ég man nefnilega eftir því, þegar nýi Ægir kom til landsins, glæsilegt skip og hafði ekkert verið til sparað. En þegar ég fór að skoða hann uppötvaði ég að það eina, sem var til skreytinga í þessu flaggskipi sem þá var, voru eftirprentanir. . . Og af því ég þarf alltaf að skipta mér af öllu, fór ég að spyrjast fyrir um þetta. Þá var mér sagt að ekki væri á það hættandi að hafa um borð dýrmæt málverk eftir gömlu meistaranum okkar. . . ef eitthvað kæmi nú fyrir. En í hinu sama skipi var talið sjálfsgagt og eðlilegt að hafa milli tuttugu og þrjátíu alvöru manna áhöfn. . .

Sýning Jónasar á Kjarvalsstöðum verður opin til 8. maí. Þá má einnig geta þess að 13. maí verður opnuð einkasýning hans í Gallerí Clasing í Norður-Þýskalandi. Stendur sú sýning í tvo mánuði og hefur Jónas einu sinni sýnt þar áður, ásamt listamanninum Weissbauer.

## Bridge

Umsjón: ARNÓR RAGNARSSON

### Úrslitariðlarnir í firmakeppni BSÍ


STADA efstu manna í firma- og einmenningskeppni BSÍ 1977 fyrir síðustu umferðina er þessi

	Stig
Ólafur Lárusson	242
Jóhann Jónsson	238
Sævar Þorbjörnsson	221
Hilmar Ólafsson	219
Hörður Sævaldsson	218
Jón Ásbjörnsson	213
Jóhanna Isebarn	212
Garðar Þórðarson	211
Örn Guðmundsson	210
Magnús Oddsson	210
Zóphánas Benediktsson	209
Magnús Halldórsson	208
Jón Hermannsson	207
Gestur Jónsson	206
Stefán Guðjohnsen	203
Örn Arnþórsson	203
Jón Arason	203
Dagbjartur Grímsson	202
Karl Sigurhjártarson	201
Steingrímur Steingrímsson	201
Þórarinn Sigþórsson	199
Logi Þórmóðsson	199
Einar Guðlaugsson	199
Jóhann Þórir Jónsson	198
Óli Valdimarsson	197
Ólafía Jónsdóttir	197
Sigvaldi Þorsteinsson	196
Jósep Sigurðsson	195
Gumundur Pálsson	195
Sveinn Helgason	194
Egill Guðjohnsen	193
Guðrður Guðmundsdóttir	193
Varalið:	
Guðmundur Eiríksson	193
Einar Þorfinnsson	192
Kristín Þórðardóttir	191
Magnús Þorvaldsson	191
Heimir Tryggvason	190
Lárus Hermannsson	189

16 efstu pörin spila í A-riðli og 16 næstu í B-riðli og verður spilað um gullstig í þessum tveimur riðlum. Spilað verður á miðvikudagskvöld.

### Einmenningur í dag hjá Bridgefélagi Kópavogs

Í dag, laugardag, hefst einmenningskeppni hjá Bridgefélagi Kópavogs, en gert er ráð fyrir að keppninni ljúki 7. maí. Þessi keppni er jafnframt firmakeppni og eru menn hvattir til að mæta þó að þeir geti ekki mætt í bæði skiptin. Hæsta skor í hvert skipti mun gilda í firmakeppninni en



Kári Jónasson var um árabíl formaður Bridgefélags Kópavogs. Í dag hefst firma- og einmenningskeppni hjá BK.

samanlagður árangur í bæði skiptin ræður úrslitum í einmenningnum. Keppnin hefst klukkan 13.30 og verður spilað í Félagsheimili Kópavogs, efrsal, í þetta skipti. Allir eru velkomnir.

### Jón Þorleifsson efstur í einmenningi hjá Breiðfirðingum

Síðasta keppni Bridgeeldar Breiðfirðinga hófst sl. fimmtudag. Er það einmenningur sem spilaður er í þremur 19 para riðlum og stendur yfir í þrjú kvöld.

Röð efstu einstaklinga:

Jón Þorleifsson	120
Magnús Halldórsson	115
Ólafur Guttormsson	110
Jón Magnússon	106
Bergsveinn Breiðfjörð	105
Guðrún Bergs	104
Guðjón Kristjánsson	102
Guðlaugur Karlsson	102

Næsta umferð verður spiluð á fimmtudaginn.

## Ólafur M. Jóhannesson:

# Leikstýring Hovhanness I. Pilikian á King Lear

Það er máski að bera í bakkafullan lækinn að fara að þenja sig út af ummælum Helga Hálfðanarsonar um leikstýringu H. I. Pilikian. Nú þegar hafa tveir leikarar, menntaðir menn tekið upp hanzkann fyrir Pilikian og vafalaust eiga einhverjir fleiri eftir að gera slíkt hið sama áður en yfir lýkur. Ástæðan fyrir því að óleikhúsfurður einstaklingur á borð við undirritaðan bætist hér í hóp málsvara leikstjórans er sú að undirritaður hreifst mjög af uppsetningu hans á verkinu hér í Þjóðleikhúsinu.

Helga Hálfðanarsyni má ef til vill skipa á bekk með Magnúsi Asgeirssyni og Sveinbirni Egilssyni sem einhvers ágætasta málsnörunarmanns sem Ísland hefur alið, en þar með er ekki sagt að þótt lögmál textans liggja opin fyrir Helga Hálfðanarsyni séu honum ljós hin sérstæðu lögmál leikhússins sem slíks. Leikhúsið er sérstakur heimur þar sem hið talaða mál er aðeins brot þeirrar tjáningar sem gerir þann heim að veruleika fyrir

áhorfendum hverju sinni. Hreyfingar, leiktjöld, ljós og skuggar vegur allt jafnt í tjáningu þess heims. Þar getur ekkert staðið eitt, þar er hvað öðru háð líkt og fuglar himinsins eru háðir bylgjum loftansins og fiskar sjávarins háðir straumum hafansins eru orð þau er ganga út af munni leikaranna háð hreyfingum líkama þeirra, þeim klæðum sem þeir skryðast, þeirri birtu sem á þá fellur o.s.frv. Mér virðist Helgi Hálfðanarson í gagnrýni sinni á þessa fyrstu uppfærslu Lear hér á landi mæna um of á einn þátt hennar þ.e. túlkun leikstjórans á texta verksins. Með því að einangra einn þátt sýningarinnar horfir Helgi framhjá aðalatriði hennar sem er sú sterka sjónræna stæmning sem Hovhannesi hefur tekið að byggja upp, stæmning þar sem fer saman í senn ýtrasta beiting mannlegs líkama, áhrifarík gerfi, skýr framsögn og sá dýrlegi yfirspenni raddhljómur sem svo mjög fellur að innræti persónanna þessi spennan endurkastast mót þungu dökku

sviði svipuðu kaldri grárrí þoku svo úr verður einn sterkur samstilltur hljómur. Framhjá flestu þessu horfir Helgi eins og ástfanginn sveinn sem sér í gegnum hóla en í staðinn fyrir að sjá yngismeyna sér hann svartan texta á hvítu blaði og bakvið þessi svörtu tákni merkingu, ákveðna og fastmótada. Auðvitað merkir texti Shakespeares eitthvað en hvað nákvæmlega hver getur dæmt um það? Shakespeare skildi ekki eftir sig stafkrók svo vitað sé þar sem hann gerir grein fyrir á hvern hátt hinar ýmsu líkingar verka hans skulja. Ekki skildi hann heldur eftir sig neina erfðaskrá þar sem hann gefur nákvæmar leiðbeiningar um uppsetningu verka sinna. Túlkun verka Shakespeares hlýtur að vera algerlega frjáls. Hovhanness má sjá hvers kyns kynlæg sambönd innan verksins þótt ég, Helgi Hálfðanarson, A.C. Bradley eða hver sem vera skal sjái þau ekki. Það er enginn alþjóðadómstóll (né íslenskur Hæstiréttur) til yfir verkum Shake-

speares. Hver og einn hlýtur að túlka þau erftir sínum eigin lífsskilningi. Lífssýn Hovhannesar er ef til vill nokkrum sentimetrum neðar en Helga Hálfðanarsonar, hann hefur kanska meira af ákveðnum hormónum en almennt gerist en það breytir samt ekki rétti hans gagnvart Shakespeare.

Glæsileiki þessarar fyrstu uppsetningar Lears hér á landi fellst einmitt í hinni nýstárlegu túlkun leikstjórans á verkinu. Með því að skjóta inn í verkið nýstárlegum atriðum ýtir hann óþægilega við hinum vanabundnu taugaviðbrögðum áhorfenda fær þá til að kippast við og gerir þá jafnframt næmari fyrir því sem fer fram á sviðinu. Leiksviðing á ekki að slæva taugakerfi áhorfenda, það gerir einn tvöfaldur á barnum niðri í hléi mun betur, nei hun á að virka eins og nálarstunga sem stungst á kaf og vevur þá upp til gagnrýnnar afstöðu á umhverfi sitt, sitt eigið líf. Hvað stendur mannum nær en samband hans við af-

kvæmi sín? Sér hann það samband ekki í nýju ljósi þegar það hefur verið fært upp á kynferðislegt plan fyrir framan augun á honum? King Lear fjallar um samband foreldra við börn sín, það fjallar um hin ýmsu tilbrigði þess sambands. Hovhanness leggur mikla áherslu á eitt ákveðið tilbrigði, hið kynlega og upp hefst mikið rammakvein. Af hverju bregðast menn á borð við Helga Hálfðanarson svo hart við þessu eina tilbrigði í túlkun Hovhanness á verkinu, eru viðbrögðin ekki að einhverju leyti ósjálfráð jafnvel samfélagsleg og stafa þau ekki af því ó hér var hreyft við bannhelgum hlut. Kynlægt samband barna við foreldri sín er bannhelgur hlutur í voru samfélagi, slíkt samfélag lifur ekki að hreyft sé við slíkum hlutum í því musteri sem það hefur byggt sjálfa sér til dýrðar. Hluti af dýrðinni eru hinar ágætta þjóðingur Helga Hálfðanarsonar á verkum William Shakespeare, þar eru sannlega dýrlegar og ósköp eðlilegt að svartur strákur sunnan frá Armeníu sé ekki látinn varpa þar á skugga átölulaust. En þess ber að minnast að það er aðeins í himnaríki sem dýrðin er ómenguoð e.t.v. hefur Helgi Hálfðanarson fengið þaðan orð í eyra frá William Shakespeare að svo skuli og vera í okkar ágæta Þjóðleikhúsi, Hovhanness hefur þá sennilega fengið sín boð úr einhverjum öðrum óæðri stað.